

## **Fundur í stjórn dvalarheimilisins Naust haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar miðvikudaginn 4. febrúar 2015 og hófst kl 13:00.**

**Mætt eru:** Elías Pétursson, Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

### **1. Rekstraruppgjör 2014**

Niðurstaða rekstursins og fjárhagsáætlun 2015 tekið í einu lagi.

Elías fór yfir þá fyrirvara sem er á gögnunum. Niðurstaða ársins er betri en bæði áætlun gerði ráð fyrir sem og útkomuspá. Þetta er ánægjulegur viðsnúningur á rekstinum en skýrist að mestu leyti af betri nýtingu á Dvalarheimilinu. Þá gerir stjórnin sér grein fyrir því að reksturinn er viðkvæmur þar sem sveitarfélagið ber alla ábyrgð á nýtingu og rekstri heimilisins en síðan er það ríkið sem setur reglur um starfsemina og borgar eftir nýtingu.

### **2. Fjárhagsáætlun 2015.**

Tekið með í lið 1.

### **3. Starfsmannamál.**

Starfsmannamál rædd.

### **4. Bréf hjúkrunarforstjóra Nausts til stjórnar Dvalarheimilins Nausts**

Elías afhenti stjórnarmönnum bréfið ásamt kröfulýsingu um öldrunarþjónustu sem er útgefin af velferðarráðuneytinu. Elías fór yfir bréfið efnislega og það rætt.

Í bréfinu koma fram ábendingar til stjórnar og sveitarstjórnar Langanesbyggðar ásamt og ósk starfsmanna um fund með stjórn Nausts. Stjórn Naust tekur vel í að funda með starfsmönnum og felur formanni að skipuleggja fund.

Starfssemi og hlutverk stjórnarinnar rædd.

### **5. Önnur mál**

Stjórn ræddi ýmsa utanaðkomandi þjónustu við íbúa Nausts.

Stjórn ræddi um þá viðburði sem hefur verið boðið uppá á Nausti. Stjórn telur að sú dagskrá sé jákvæð fyrir samfélagið í heild.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 14:05